



## 4. fundur í skólaráði, fimmtudaginn 5. mars 2009, kl. 12:00-13:00

### Mættir voru:

Dagný Annasdóttir, skólastjóri  
Gerður Aagot Árnadóttir, móðir – boðaði forföll  
Íris Tebé, móðir  
Ragnheiður Sigmarsdóttir, móðir  
Kristinn Jónsson, kennari  
Gerður Leifsdóttir, verk- og listgreinakennari mætti í stað  
Auðar Ásgeirsdóttur, heimilisfræðikennara, sem var veik  
Hansína Skúladóttir, ráðgjafarproskapjálfi

Dagný Annasdóttir, setti fundinn og bauð fólk velkomið.

### DAGSKRÁ FUNDAR:

1 Viðhaldsáætlun skólans hljóðar upp á kr. 17.793.000,00. Rætt var um skólalóð m.a. og viðhald almennt. [Sjá framkvæmdir 2009.](#)

2 Farið yfir reglugerð um skólaráð, kosið til tveggja ára í senn. Lagt til, að á aðalfundi Foreldrafélagsins, sem haldinn verður í september/október, verði það tekið upp hvort skólaráð/fulltrúar foreldraráðs, sitji áfram í tvö ár. Sama gildir um kennara og aðra starfsmenn að í haust verði kosið til tveggja ára [fulltrúar fyrir næstu tvö ár.](#)

3 Þátttaka nemenda í skólaráði.  
Lagt til að kosnir verði fulltrúar nemenda af nemendum. Ákveðið að kjósa tvo fulltrúa í 9. og 10. Bekk. Fulltrúar þessir geta kynnt óskir nemenda inn á skólaráðsfundum.

4 Ástæða til að skoða könnun um líðan skólabarna í grunnskólum Reykjavíkur.  
Spurning um einföldun á könnuninni, svo hægt sé að leggja hana fyrir nemendur hér (auðvitað fyrir þá sem er raunhæft að leggja þetta fyrir.

5 Rætt um heimasíðu og eru fulltrúar ánægðir með hana nú, og rætt um að hún er virk núna.

6 Önnur mál.

Ákveðið að hafa næsta fund 16. Apríl kl. 12:00- 13:00  
Fundaritari: Gerður Leifsdóttir  
GL/KH